

Garðfuglahelgin 2025

Hin hefðbundna Garðfuglahelgi Fuglaverndar var dagana 24. – 27. janúar 2025. Veður var bærilegt til fuglaskoðunar, en þátttaka var samt ekki góð, athugunarstaðir voru alls 49 og sáust fuglar í 41 görðum (84%). Skráðir þátttakendur voru 57, sem var miklu verri þátttaka en í Garðfuglahelgi 2024, en álíka og árið 2023, þá voru 65 þátttakendur á 53 athugunarstöðum. Það er spurning hvað veldur því, en mögulega var áhugi og umræða í fjölmiðlum lítill og Garðfuglahelgin hafi því farið fram hjá fólki. Þó að athugunin sé einföld þá eru t.d. félagsmenn Fuglaverndar tregir til þátttöku að þessu sinni. Athugunarstaðir hafa ekki verið færri frá því að Garðfuglahelgin hófst árið 2006. Þátttakendur voru reyndar færri árið 2006 (51), í fyrsta skiptið sem Garðfuglahelgin var á dagskrá. Nú voru þátttakendur flestir af Suðurlandinu, eins og oft áður, þar voru nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands áberandi. Garðfuglahelgin er hluti af námi nemenda í líffræði við skólann. Alls sáust 3.010 fuglar af 14 tegundum í görðum þátttakenda (1. tafla). Þó svo að þátttaka hafi verið dræm þá er fjöldi fugla nokkur og munar þar mest um snjótittlinga. Enginn ný tegund sást að þessu sinni, í gegnum tíðina hafa alls sést 44 tegundir í Garðfuglahelgi, síðast sást ný tegund árið 2023. Flestir fuglar voru skráðir í garði á Stokkseyri (732) og flestar tegundir voru sjö í garði í Stykkishólmi.

Að þessu sinni voru hrafnar skráðir hjá flestum athugendum, rúmlega helmingur þátttakenda skráir hjá sér hrafn. Þar á eftir koma svartþrestir hjá tæplega helmingi þátttakenda. Auðnutittlingar, snjótittlingar og starar sjást á meira en 30% athugunarstaða, skógarþrestir eru skráðir hjá tæplega 30%. Aðrar tegundir sjást á fáeinum stöðum (1. tafla). Snjótittlingarnir voru langflestir (1.583 fuglar), það er rúmlega helmingur allra fugla sem voru skráðir þessa helgi, enda snjór víða og jarðbönn. Snjótittlingahóparnir voru líka stærstir, að meðaltali voru 93 fuglar á þeim 17 athugunarstöðum sem snjótittlingar voru skráðir. Starar komu þar á eftir, þeir voru mun færri, alls 621 á 16 stöðum, töluvert var af auðnutittlingum (449), svartþröstum (127) og skógarþröstum (121). Aðrir fuglar voru fáir, einungis einn flækingsfugl sást, en það var bókfinka (1. tafla). Það kom ekki á óvart þar sem lítið var um flækingsfugla haustið áður.

Þátttakendur eiga hrós skilið en vonandi sjá sér fleiri fært um að taka þátt nú í lok janúar. Það má gera ráð fyrir því að töluverður hluti félaga hafi garð þar sem þeir búa og fóðri fugla í yfir vetrartímann sínum garði. Það gefur fuglaskoðun meira vægi ef það er skráð hjá sér hvaða fuglar og hve margir af hvaða tegund heimsæki garðinn. Það eykur þekkingu á íslensku fuglafánunni að skrá hjá sér athuganir og koma þeim á framfæri. Það er hægt á ýmsan máta m.a. með þátttöku í Garðfuglahelgi og Garðfuglakönnun. Ennfremur má minnast á það að fuglaathuganir má skrá á rafrænan máta og smá forritið Ebird (<https://ebird.org/home>) er einna vinsælast hér á landi. Það er ágætt að vitna í vef í Ebird og vekja athygli á því að með því að skrá hjá sér fuglaathuganir og koma þeim á framfæri þá ertu að efla vísindi og náttúruvernd. Nú er um að gera að félagar taki sig á og skrái hjá sér þá fugla sem þeir sjá í garðinum í næstkomandi Garðfuglahelgi, klukkustund er ekki langur tími til að sjá af. Athugunin er mjög einföld og allar upplýsingar á Garðfuglavef félagsins. Á átta (16,5%) athugunarstöðum var skráður enginn fugl. Það hlutfall var með hærra móti ef miðað er við undanfarin ár.



1. mynd. Hrafn með fóðurbita í goggi. Hrafnar eru duglegir að bjarga sér og nýta gjarnan fóður þar sem þeir komast greiðlega að því og það hentar þeim. Ljósmynd Jóhann Óli Hilmarsson.

1. tafla. Tíðni fugla á athugunarstöðum og fjöldi þeirra í Garðfuglahelgi Fuglaverndar 24.1–27.1 2025. Fjöldi athugunarstaða var 49, fuglar sáust á 41 athugunarstað, þátttakendur voru 57, alls sáust 3.010 fuglar og 14 tegundir.

	Athugunarstaðir	%	Fjöldi fugla	%	Meðaltal
Hrafn	28	57,1	76	2,5	3
Svartþröstur	22	44,9	127	4,2	6
Auðnutittlingur	19	38,8	449	14,9	24
Snjótittlingur	17	34,7	1583	52,6	93
Stari	16	32,7	621	20,6	39
Skógarþröstur	14	28,6	121	4,0	9
Rjúpa	2	4,1	3	0,1	2
Gráþröstur	2	4,1	2	0,1	1
Húsdúfa/bjargdúfa	2	4,1	9	0,3	5
Músarrindill	2	4,1	2	0,1	1
Hvítmáfur	1	2,0	8	0,3	-
Bókfinka	1	2,0	1	0,03	-
Glókollur	1	2,0	1	0,03	-
Svartbakur	1	2,0	1	0,03	-
Enginn	8	16,3	0	-	-